

# Má ég koma inn?

*Flóttamaður, farðu heim! Hann færi ef hann gæti.*

<b>Málefni</b>	Mannöryggi, mismunun og útlendingahatur, friður og ofbeldi
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 3
<b>Hópstærð</b>	6–20
<b>Tími</b>	60 mínútur
<b>Yfirlit</b>	Þetta er hlutverkaleikur um hóp flóttamanna sem reynir að flýja til annars lands. Þarna er fjallað um: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Aðstæður flóttamanna</li> <li>• Félagsleg og efnahagsleg rök fyrir því að veita mönnum hæli og synja þeim um það</li> </ul>
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rétturinn til að leita og njóta griðlands erlendis gegn ofsóknum.</li> <li>• Rétturinn á því að vera ekki vísað brott eða endursendur (réttur flóttamanna á því að vera ekki sendir aftur til lands síns þar sem þeir eiga á hættu ofsóknir eða dauða).</li> <li>• Rétturinn til að vera ekki mismunað.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að skapa þekkingu og skilning á flóttamönnum og réttindum þeirra.</li> <li>• Að skilja rökin fyrir því þegar flóttamenn fá að koma til lands eða er neitað um það.</li> <li>• Að efla samkennd með fólki sem skyndilega þarf að flýja heimkynni sín.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlutverkaspjöld.</li> <li>• Krít og/eða húsgögn til að búa til landamærastöð.</li> <li>• Pennar.</li> <li>• Pappír.</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ljósritaðu eitt upplýsingablað á mann.</li> <li>• Ljósritaðu hlutverkaspjöldin, eitt fyrir hvern starfsmann útlendingaeftirlitsins, flóttamann og athuganda.</li> <li>• Undirbúðu hlutverkaleikinn. Teiknaðu t.d. línu á gólfíð sem sýnir landamæri eða raðaðu húsgögnum þannig að þau verði eins konar girðing með hliði fyrir varðstöðina. Notaðu borð sem afgreiðsluborð í innflytjendaskrifstofunni og útbúðu skilti sem sýnir inngang, tollreglugerð o.s.frv.</li> </ul>

## Leiðbeiningar

1. Segðu þátttakendum að þetta sé hlutverkaleikur um hóp manna á flótta frá heimalandi sínu sem vilji komast inn í annað land í leit að öryggi.
2. Byrjaðu á að finna út hvað þátttakendur vita um flóttamenn (hugflæði). Skrifaðu atriðin á stórt pappírsglaði eða flettistöflupappír til að geta vísað til þeirra seinna í umræðunum.
3. Sýndu þátttakendum uppstillinguna í herberginu og lestu upp eftirfarandi texta.

### MÁLEFNI



### MANNÖRYGGI



### MISMUNUN



### FRIÐUR OG OFBELDI

### ÞYNGDARSTIG




### STIG 3

### HÓPSTÆRÐ



### 6–20

### TÍMI



### 60 MÍNÚTUR

„Það er dimm og köld rigningarnótt á landamærum X og Y. Þangað er kominn stór hópur manna, á flóttu frá stríðinu í X. Þeir vilja komast yfir í Y. Þeir eru svangir, þreyttir og kaldir. Þeir hafa litla peninga og enga aðra pappíra en vegabréfin sín. Starfsmenn útlandaæftirlitsins í landinu Y eru ekki sammála – sumir vilja leyfa flóttamönnum að koma yfir, aðrir ekki. Flóttamennirnir eru örvæntingarfullir og nota ýmis rök til að reyna að sannfæra starfsmenn útlandaæftirlitsins.“

4. Skiptu þátttakendum í jafnstóra hópa. Einn hópurinn á að vera flóttamenn frá landinu X, annar er starfsmenn útlandaæftirlitsins í landinu Y og sá þriðji er áhorfendur.
5. Segðu „flóttamönnum“ og „starfsmönnum útlandaæftirlitsins“ að búa til hlutverk fyrir hverja persónu og ákveða hver rök hennar eiga að vera. Útbýttu dreifiblöðunum og gefðu þeim fimmtán mínútur til undirbúnings.
6. Láttu hlutverkaleikinn hefjast. Þú metur það hvenær tími er kominn til að stöðva leikinn en tíu mínútur ættu að nægja.
7. Gefðu áhorfendum fimm mínútur til að undirbúa álit sitt.

## Samantekt og mat

Fyrst ætti að láta áhorfendur lýsa almennu álitinu á hlutverkaleiknum. Síðan eru leikendur látnir lýsa því hvernig þeim hafi fundist að vera flóttamaður eða starfsmaður útlandaæftirlitsins. Þá má halda áfram með almennar umræður um þessi mál og hvað þátttakendur hafi lært.

- Hversu réttlát var sú meðferð sem flóttamennirnir fengu?
- Flóttamenn eiga rétt á vernd samkvæmt 14. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar og samkvæmt Samningnum um réttarstöðu flóttamanna frá árinu 1951. Fengu flóttamennirnir þá vernd sem þeir áttu rétt á? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Á land að eiga rétt á því að vísa flóttamönnum frá?
- Myndir þú gera þetta sjálf/ur ef þú værir starfsmaður útlandaæftirlitsins? En ef þú vissir að þeim væri dauðinn vís í sínu eigin landi?
- Hvaða vandamálum standa flóttamenn frammi fyrir þegar þeir eru komnir inn í land þitt?
- Hvað mætti gera til að leysa einhver af þeim vandamálum sem mæta flóttamönnum þegar þeir koma inn í landið?
- Er eitthvert fólk á vergangi í landi þínu? Eða í einhverju nágrannalandi?
- Hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir að fólk lendi í þeirri aðstöðu að verða að flýja land sitt?

## Ábendingar til leiðbeinanda

Notaðu hugflæðið til að komast að því hve mikið þátttakendur vita um ástæðu þess að flóttamenn eru til, hvað veldur því að fólk flýr heimaland sitt og hvaðan það kemur og til hvaða landa það leitar. Þannig fást vísbendingar um hvernig best sé að háttá samantektinni og matinu og hvaða viðbótarupplýsingar gæti þurft að gefa á því stigi.

Íhuga þarf hvað gera skal ef einhver í hópnum er flóttamaður. Hann ætti líklega ekki að vera í hópnum sem leikur flóttamennina því að hugsanlega á hann sárar minningar um þá reynslu.

Hóparnir þrír þurfa ekki endilega að vera jafnstórir. Til dæmis mætti hafa aðeins þrjá eða fjóra áhorfendur en láta hina taka þátt í hlutverkaleiknum.

Hægt er að láta áhorfendur fá eintök af „nánari upplýsingum“ svo að þeir geti kynnt sér réttindi flóttamanna meðan hinir eru að undirbúa hlutverkaleikinn.

Sviðið er dimm og köld rigningarnótt. Tilvalið er að slökkva ljósin og opna gluggana meðan hlutverkaleikurinn fer fram. Til að auka á uppnám flóttamanna er hægt að hafa skiltin á landamærunum á erlendu (eða tilbúnu) tungumáli. Þá þarf að upplýsa starfsmenn útlendingaeftirlitsins í hópi 2 um það sem stendur á skiltunum!

Athugið: Þetta verkefni er samið upp úr First Steps: A Manual for starting human rights education, Amnesty International, London, 1997. Tilvitnunin „Flóttamaður, farðu heim! Hann færir ef hann gæti“ var einkunnarorð í herferð á vegum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

### Tilbrigði

Endurtaktu hlutverkaleikinn en láttu starfsmenn útlendingaeftirlitsins og flóttamennina skipta um hlutverk. Nú ætti það að vera viðbótarverkefni fyrir áhorfendur að kanna hvort einhver munur er á fyrri og síðari leikgerðinni, sérstaklega hvort aukið tillit er tekið til réttinda flóttamanna.

Leika má annan hlutverkaleik sem felst í því að opinber nefnd kemur frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna til að hjálpa flóttamönnum frá landinu X.

Nemendur í skóla myndu hugsanlega vilja halda áfram og kanna upplýsingar um hlutverk Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna ([www.unhcr.org](http://www.unhcr.org)) og skrifa síðan „opinbera skýrslu“ þar sem eftirfarandi kæmi fram:

- Rökin sem sannfærðu starfsmenn útlendingaeftirlitsins um að hleypa ætti flóttamönnum inn
- Óviðeigandi hegðun starfsmanna útlendingaeftirlitsins, ef um slíkt var að ræða
- Tillögur um það sem land Y ætti að gera til að vernda réttindi flóttamanna.

### Tillögur um framhald

Þátttakendur gætu kynnt sér betur aðstæður flóttamanna í landi sínu, einkum hvernig daglegu lífi þeirra er háttað. Þeir gætu haft samband við samtök sem styðja flóttamenn og tekið viðtöl við starfsmenn og flóttamenn.

Einnig mætti gera verkefni sem fjallar um það sem gerist eftir að flóttamenn eru komnir yfir landamærin og sækja um hæli; sjá verkefnið „Tungumálaerfiðleikar“ á bls. 242.

### Hugmyndir um aðgerðir

Hafa mætti samband við svæðis- eða landssamtök sem aðstoða flóttamenn sem hafa fengið skjól í landinu og athuga hvernig má styðja þau. Þau gætu til dæmis þurft að fá fólk til að safna saman nauðsynjahlutum og dreifa til flóttamanna.

### Nánari upplýsingar

Árlega verða milljónir manna að yfirgefa heimili sín og jafnvel heimaland vegna ofsókna eða stríðs. Þetta fólk verður flóttamenn. Yfirleitt verður það að fara fyrirvaralaust og skilja mestallar eigur sínar eftir. Á flóttanum sundrast oft fjölskyldur. Margir flóttamenn komast aldrei aftur til síns heima.

Flestir flóttamenn leita verndar í nágrannalandi og flykkjast þangað hópum saman. Aðrir flóttamenn þurfa að ferðast langar leiðir til að finna skjól og koma á flugvelli eða hafnir fjarri eigin landi.

Árið 1951 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar Samninginn um réttarstöðu flóttamanna sem meira en helmingur allra þjóða í heiminum hefur nú undirritað. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna fylgist með framkvæmd samningsins og veitir flóttamönnum neyðaraðstoð.

Á Íslandi er Rauði Krossinn fulltrúi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og aðstoðar hælisleitendur og flóttamenn með ýmsum hætti.

Samkvæmt samningnum er flóttamaður maður sem hefur yfirgefið land sitt og er ómögulegt að snúa aftur vegna ástæðuríks ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana. Aðalverndin sem flóttamaður verður að njóta er rétturinn til að vera ekki sendur aftur til lands síns þar sem hann á á hættu að sæta ofsóknum eða vera tekinn af lífi (rétturinn til að vera ekki vísað brott eða endursendur). Þetta á einnig við ef stjórnvöld vilja senda flóttamann til þriðja lands, þaðan sem hann kynni að verða sendur heim.

Stjórnvöldum ber að hlýða á mál flóttamanns sem leitar hælis í landi þeirra. Þessi regla gildir um öll ríki, hvort sem þau eru aðilar að samningnum frá 1951 eða ekki. Í samningnum frá 1951 segir einnig að flóttamenn skuli ekki sæta mismunun og þeir skuli hljóta full réttindi í landinu sem þeir leita skjóls í.

En lönd getur þó greint á um hverjir séu „ósviknir“ flóttamenn; rík lönd halda því oft fram að flóttamenn séu ekki fórnarlömb kúgunar heldur vilji einungis betri lífskjör. Þau kalla þá „fólk sem flyst af efnahagsástæðum“. Stjórnvöld halda því oft fram að ótti flóttamanna sé orðum aukinn eða uppspuni.

## Lykildagsetning

20. júní

Alþjóðadagur flóttamanna

### Fjöldi flóttamanna í heiminum 2006

Svæði	Flóttamenn
Afríka	5.169.200
Asía	8.863.300
Evrópa	3.705.100
Rómanska Ameríka og Karíbahafseyjar	2.513.000
Norður-Ameríka	716.800
Eyjaálfa	82.500
Alls	21.049.900

Heimild: „Protecting Refugees and the Role of UNHCR, september 2007, UNHCR Publications.

### 10 helstu upprunalönd flóttamanna

Land	Flóttamenn
Afganistan	2.108.000
Írak	1.451.000
Súdan	686.000
Sómalía	464.000
Lýðveldið Kongó	402.000
Búrundí	397.000
Víetnam	374.000
Tyrkland	227.000
Angóla	207.000
Búrma	203.000

Heimild: „Protecting Refugees and the Role of UNHCR, september 2007, UNHCR Publications.

### Fólk á vergangi í eigin landi

Ekki flytja allir úr landi sem hafa neyðst til að flýja heimili sín. Þegar svo háttar til er talað um fólk á vergangi í eigin landi. Fólk á vergangi í eigin landi er sá hópur sem stækkar örast af öllu fólki sem hrakist hefur að heiman. Í Evrópu er fjöldi fólks á vergangi í eigin landi. Gagnstætt flóttamönnum nýtur þetta fólk ekki verndar alþjóðlegra laga og það á ekki heldur rétt á ýmiss konar aðstoð. Mikil alþjóðleg umræða hefur farið af stað um það hvernig best sé að hjálpa fólki á vergangi í eigin landi og hverjir eigi að bera ábyrgð á velferð þess. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) sér um að aðstoða suma hópa fólks á vergangi að beiðni aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

## EFNI TIL DREIFINGAR

**Hlutverkaspjald flóttamanns****Rök flóttamanna og valkostir**

Undirbúið rök ykkar og aðferðir; þið ákveðið sjálf hvort þið færið fram rökin sem hópur eða hvort hver og einn, fyrir sig, færir fram sín rök.

Þið getið notað eftirfarandi rök ásamt öðrum sem ykkur koma í hug:

- Það er réttur okkar að fá hæli.
- Börnin okkar eru svöng, það er siðferðileg skylda ykkar að hjálpa okkur.
- Við verðum drepin ef við snúum aftur.
- Við eigum enga peninga.
- Við getum ekki farið neitt annað.
- Ég var lækni í bænum mínum heima.
- Við viljum bara skjól þar til okkur er óhætt að snúa aftur.
- Öðrum flóttamönnum hefur verið hleypt inn í land ykkar.

Áður en hlutverkaleikurinn hefst skuluð þið velja eftirfarandi valkostum fyrir ykkur:

- Munuð þið fara sitt í hverja áttina ef starfsmenn útlendingaeftirlitsins fara fram á það?
- Farið þið heim ef þeir reyna að senda ykkur til baka?

Þið eigið að leika sundurleitan hóp flóttamanna svo að hver persóna þarf að ákveða sín einkenni: aldur, kyn, fjölskyldutengsl, starf, efnahag, trúarbrögð og eigur sem viðkomandi kann að hafa meðferðis.

**Hlutverkaspjald starfsmanna útlendingaeftirlitsins****Rök og valkostir starfsmanna útlendingaeftirlitsins**

Undirbúið rök ykkar og aðferðir; þið ákveðið sjálf hvort þið færið fram rökin sem hópur eða hvort hver og einn, fyrir sig, færir fram sín rök.

Þið getið notað eftirfarandi rök og önnur sem ykkur koma í hug:

- Þau eru aðframtömin: við getum ekki sent þau til baka.
- Ef við sendum þau til baka berum við ábyrgðina ef þau verða handtekin, beitt harðræði eða drepin.
- Það er lagaleg skylda okkar að taka við flóttamönnum.
- Þau eiga enga peninga og þurfa stuðning ríkisins. Land okkar hefur ekki efni á því.
- Geta þau sannað að þau séu alvöru flóttamenn? Komu þau kannski bara hingað til að leita betri lífskjara?
- Land okkar á hernaðarsamvinnu og viðskipti við land þeirra. Við megum ekki láta sjást að við verndum þau.
- Kannski búa þau yfir þekkingu og færni sem við þurfum á að halda?
- Það er nóg af flóttamönnum í landinu okkar. Við verðum að hugsa um okkar eigið fólk. Þau ættu að fara til ríkari landa.
- Ef við hleypum þeim inn vilja aðrir líka fá inngöngu.
- Þau tala ekki tungumál okkar, hafa aðra trú og borða öðruvísi mat. Þau eiga ekki eftir að samlagast.
- Þau valda pólitískum vanda.
- Hryðjuverkamenn eða stríðsglæpamenn gætu leynst í hópnum.

Áður en hlutverkaleikurinn hefst skuluð þið velja eftirfarandi valkostum fyrir ykkur:

- Ætlið þið að hleypa öllum flóttamönnum yfir landamærin?
- Ætlið þið að hleypa sumum yfir landamærin?
- Ætlið þið að skipta þeim eftir aldri, atvinnu, efnahag ...?
- Ætlið þið að gera eitthvað annað?

**Hlutverkaspjald áhorfenda**

Þið eigið að horfa á hlutverkaleikinn. Þegar leiknum lýkur verðið þið beðin að lýsa áliti ykkar almennt. Veljið einhvern til að vera fulltrúi ykkar.

Á meðan þið horfið þurfið þið, meðal annars, að taka eftir eftirfarandi atriðum:

- Mismunandi hlutverkum sem bæði flóttamennirnir og starfsmenn útlendingaeftirlitsins leika.
- Rökunum sem þeir nota og hvernig þeir setja þau fram.
- Hvort þarna eigi sér stað einhver brot á mannréttindum og réttindum flóttamanna.

Þið verðið að ákveða hvernig þið ætlið að fylgjast með þessu öllu. Til dæmis gætuð þið skipt ykkur í tvo hópa þar sem annar fylgdist með starfsmönnum útlendingaeftirlitsins en hinn með flóttamönnum.